

2292. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 12. apríl 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Sigfús Ásgeir Káráson varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri V. Hlöðversson (vék af fundi kl. 18:30), Pálmi Haraldsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir og Unnar Stefán Sigurðsson.

Fjarverandi: Borghildur Sigurðardóttir varaformaður

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Mættir varamenn á seinni hluta fundar: Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Jón Sigurður Pétursson og Sigrún Ríkharðsdóttir (tóku sæti á fundi kl. 18:30).

Fundargögn:

- Fundargerð síðasta fundar (2291)
- Tillögur frá þingfulltrúum á ársþingi 2023
- Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna ályktunar 77. ársþings KSÍ um flóðljós
- Umsögn mótanefndar vegna agamála í bikarkeppni neðrideilda
- Tillaga mannvirkjanefndar vegna vallarleyfa
- Bréf frá mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna samráðshóps
- Minnisblað vegna 5. deildar karla / Utandeildar
- Tillaga frá dómaranefndar til stjórnar vegna Ramadan

-
1. Fundargerð síðusta fundar var þegar samþykkt
 - a. Fundargerð 2291.
 2. Fundargerðir nefnda voru lagðar fram til kynningar og fluttar fréttir af vettvangi ÍTF
 - a. Orri V Hlöðversson flutti fréttir af vettvangi ÍTF
 - b. Mannvirkjanefnd 5. apríl 2023
 - c. Mótanefnd 31. mars 2023
 3. Ársþing KSÍ
 - a. Þinggerð 77. ársþings hefur verið gefin út og send á sambandsaðila. Þá voru þinggerðin og þingsályktanir nr. 17 og 18 sendar á hagaðila sbr. fyrri ákvörðun stjórnar.
 - b. Lagt var fram yfirlit yfir tillögur frá þingfulltrúum. Framkvæmdastjóra falið að flokka tillögurnar og senda í viðkomandi nefndir.
 - c. Lagt var fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna ályktunar 77. ársþings um flóðljós. Framkvæmdastjóra og starfsmanni mannvirkjanefndar var falið að funda með fulltrúum sambandsins og bjóða einnig til fundar fulltrúum ÍTF (sem fluttu tillöguna á ársþinginu).
 4. Lög og reglugerðir
 - a. Stjórn KSÍ samþykkti tillögu um fyrirkomulag agaviðurlaga í bikarkeppni neðri deilda í samræmi við umsögn mótanefndar KSÍ. Áminningar og/eða brottvísanir skulu telja saman í bikarkeppni KSÍ og bikarkeppni neðri deilda. Þau lið sem taka þátt í báðum keppnum munu því taka út viðurlög vegna agamála í þeirri keppni sem viðkomandi lið á næst leik í o.s.frv. Samþykkt að gefa LLR umboð að ljúka málinu.
 5. Skipan í nefndir og starfshópa
 - a. Áfram var unnið með skipan í nefndir sambandsins. *Stjórn samþykkti eftirfarandi fulltrúa í nefndir:*

Jovana Costic

Fræðslunefnd

Guðrún Jóna Kristjánsdóttir

Grasrótarnefnd

Trausti Hjaltason, formaður

Ómar Bragi Stefánsson

Oddný Eva Böðvarsdóttir

Eva Dís Pálmadóttir

Petra Lind Einarsdóttir

Tinna Hrund Hlynsdóttir

Sigrún Ríkharðsdóttir

Rúnar Mór Sverrisson

Markaðsnefnd

Tinna Hrund Hlynsdóttir, formaður

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Kristján Ingi Gunnarsson

Agnar Freyr Gunnarsson

Björn Þór Ingason ÍTF

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Frekari nefndaskipan var frestað og frekari umræða um nefndir fer fram á næstu stjórnarfundum:

b. Frestað var að skipa í starfshópa.

6. Leyfismál/mannvirkjamál

a. *Stjórn KSÍ fékk til umfjöllunar minnisblað mannvirkjanefndar um vallarleyfi fyrir Miðgarð. Útgáfu vallarleyfis frestað þar sem afla þarf frekari gagna.*

7. Verkefni milli funda

a. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður greindi frá fundi sem hún og framkvæmdastjóri áttu með fulltrúm úr forsætisráðuneytinu um jafnréttismál. *Stjórn samþykkti að skipa starfshóp um jafnréttismál og gaf formanni og framkvæmdastjóra umboð til að skipa hópinn.*

b. Rætt um stofnun fagráðs með hliðsjón af þeim fyrirmyndum um fagráð sem til eru. *Stjórn samþykkti að fela formanni og framkvæmdastjóra að leiða málið og gera tillögu að skipan til stjórnar.*

c. *Stjórn KSÍ samþykkti að tilnefna Óskar Örn Guðbrandsson og Klöru Bjartmarz í samráðshóp Mennta- og barnamálaráðuneytins um samhæfða nálgun í öryggismálum og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum.*

8. Mótamál

a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir það sem ber hæst á baugi í mótamálum, m.a. umræðu um leikvelli í fyrstu umferðum og áhrif lokakeppni U19 karla og kvenna á mótahald. Þá kynnti Helga tillögu mótanefndar um skipan 5. deildar og Utandeild. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögu mótanefndar um skipan 5. deildar og utandeild.*

b. Stjórn KSÍ ræddi um dómaramál:

- Stjórn fagnaði langtímasamningi við FDD.
- *Stjórn samþykkti tillögu dómaranefndar um drykkjarhlé vegna Ramadan.*
- Rætt um neikvæða hegðun gagnvart dómurum og ákvæði í reglugerðum KSÍ um sektir. Skoða þarf málið betur á milli funda og fá frekari gögn. Málið kemur aftur til umræðu á næsta fundi stjórnar.

9. Landsliðsmál

- a. Stjórn KSÍ fagnar framúrskarandi árangri U19 ára landsliða karla og kvenna og óskar félögum leikmanna, þjálfurum leikmanna hjá félagsliðum, leikmönnum, þjálfurum KSÍ og starfsmönnum og öðrum sem hafa lagt hönd á plóginn hjartanlega til hamingju með árangurinn. Stjórn ræddi um áhrif þessara úrslitakeppna á innlent mótahald en þær fara ekki fram í alþjóðlegum landsleikjagluggum. Framkvæmdastjóra var falið að undirbúa fjárhagsáætlun fyrir úrslitakeppnirnar og að nýta ákvæði í grein í reglugerð ÍSÍ um afrekssjóð og sækja um sérstakan styrk til þátttökunnar.
- b. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður ræddi um þjálfaramál A landsliðs karla og fór yfir stöðu mála. Gert er ráð fyrir að kallað verði til aukastjórnarfundar á næstu dögum og samningur við þjálfara borinn upp til samþykktar.

10. Önnur mál

- a. Skoða þarf með ÍTF, ábendingar sem stjórn hefur borist varðandi verðlaunafé í Lengjudeildum.
- b. Rætt um Íþróttáþing ÍSÍ sem fram fer 5.-6. maí 2023 á Ásvöllum. KSÍ á 7 fulltrúa og er stjórnarfolk hvatt til að gefa kost á sér í verkefnið.
- c. Næstu stjórnarfundir:
 - ✓ 3. maí (á Akranesi)
 - ✓ 24. maí
 - ✓ 14. júní
 - ✓ 20. júní (stjórn, varamenn og landshlutafulltrúar)

Eftirtaldir varamenn mættu á fund: Sigrún Ríkharðsdóttir, Jón Sigurður Pétursson og Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

11. Starfsreglur stjórnar

- a. Rætt um starfshætti stjórnar og starfsreglur stjórnar. Uppfæra þarf starfsreglur stjórnar og var framkvæmdastjóra falið að hafa frumkvæði í því máli.
- b. Vanda Sigurgeirsdóttir formaður KSÍ kynnti *yfirlýsingu um trúnað, virðingu og framkomu í störfum fyrir KSÍ*. Yfirlýsingin verður send til stjórnar til undirritunar með rafrænum hætti.

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 19:00.

Klara Bjartmarz
Fundarritari